# LYKLABÖRN

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




Nú mannin hefur vélað tímans tönn.
Í trylltum dansi eltir lífsins gæði.
Og foreldrarnir vinna'í óða önn
svo eignist betra hús og fínni klæði.

En börnin okkar brynjar veröld flá.
Þau bera'um hálsinn útidyralykla
og finna'ei gleði foreldrunum hjá.
Þeir frystu hana'í kapphlaupinu mikla.

Því breyta'um stefnu maður víst þú mátt
svo megnir þú að byggja gæfuvörðu.
Í börnum þínum yndið mesta átt
sem auðnast þér að finna hér á jörðu.